

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

GRETTISGÖTU 89, 105 REYKJAVÍK
SÍMI 91 - 626688, FAX 91 - 629106



Reykjavík, 23. mars 1992

Menntamálanefnd Alþingis,
b.t. formanns,
Sigríðar A. Þórðardóttur.

Alþingi
Erindi nr. Þ 115 / 800
komudagur 30 / 3 1992

Athugasemdir stjórnar BSRB um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi breytist starfsemi sjóðsins í veigamiklum atriðum og er markmið þeirra breytinga m.a. að draga úr eftirspurn eftir námslánum. Lánasjóðurinn á við fortíðarvanda að etja og er stjórn BSRB því samþykk að sjóðnum verði búinn traustari rekstrargrundvöllur, en engin sanngirni er í því að ráðstafanir í þá veru hitti einkum þau fyrir sem nú eru í námi.

Stjórn BSRB varar við því hve mjög kostur námsfólks þrengist ef frumvarpið verður að lögum. Kemur þar einkum til að endurgreiðsluhlutfall er tvöfaldað og ríflega það, og greiðslubyrðin þar með hækkuð óhóflega. Endurgreiðslur hefjast ári eftir námslok í stað þriggja í núgildandi lögum. Fyrir bragðið er ungu fólki með meðaltekjur gert afar erfitt fyrir hvað varðar fjárhagslegar skuldbindingar meðan á endurgreiðslu námslána stendur, og lendir því fyrirsjáanlega í miklum vandræðum með að koma sér upp þaki yfir höfuðið að loknu námi.

Vaxandi atvinnuleysis gætir nú meðal ungs fólks á aldrinum 16 til 25 ára. Þessum hópi bjóðast ónóg menntunartækifæri, og liggur ólíkt beinna við að finna honum nám við hæfi en að þrengja fyrirliggjandi kosti til náms.

Samkvæmt frumvarpinu bera námslán 3% vexti frá námslokum, en eru samkvæmt núgildandi lögum verðtryggð en vaxtalaus. Stjórn BSRB leggur áherslu á að námslán eru framfærslulán til handa námsfólki, og hljóta því aðrar forsendur að gilda um þau en fjárfestingalán. Þá er á það að líta að sú menntun sem námsfólk aflar sér kemur öllu þjóðfélaginu til góða.

Greiða skal af láni þar til það er fullgreitt, samkvæmt frumvarpinu. Hámark árlegrar endurgreiðslu verður 8% af útsvarsstofni ársins á undan

endurgreiðsluári eftir fimm fyrstu árin (4% þar á undan). Þetta þýðir í raun að t.a.m. einstæðir foreldrar með miðlungstekjur greiða 8% gjald vegna þess arna alla starfsævina, en tekst þó varla að marka á skuld sinni við Lánasjóðinn. Stjórn BSRB telur slíka aukaskattheimtu óréttláta gagnvart lántakandanum, og auk þess þjóðhagslega óhagkvæma þar sem hún verkar letjandi á að ungt fólk leggi fyrir sig nám.

Stjórn BSRB er mótfallin þeirri breytingu sem í frumvarpinu felst að hætt verði að lána til sérnáms, sem ekki er á háskólastigi, nema lánþegi verði 20 ára á því almanaksári sem lán er veitt. Með þessu ákvæði er iðnnámi ekki gert jafnhátt undir höfði og bóknámi þar sem meirihluti lánþega undir tvítugu hjá LÍN leggur stund á iðnnám. Eins og málin standa er það út í hött að leggja stein í götu þeirra sem vilja leggja fyrir sig slíkt nám. Skal áréttað í þessu sambandi að verkalyðshreyfingin hefur jafnan lagt áherslu á að stuðla að aukinni verk- og starfsmenntun.

J. h. BSRB
Björnur Jónsson